



Jón Sigurðsson, Teglstrupvej 5, Köbehavn

Bjarni Benediktsson – Jón Sigurðsson, Teglstrupvej 5, Köbehavn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Sigurðsson,
Teglstrupvej 5,
København Ø.

28. janúar 1946.

Kæri Bjarni.

Beztu þakkir fyrir skeytið. Því miður fannst mér það ekki vera fullnægjandi og hefi vonast eftir bréfi frá þér. En ég skil vel, að þú hefur i afar mörgu að snúast.

Ég hefi í dag skrifað þér sem borgarstjóra og beðið um ákveðið svar við, hvort bæjarstjórn vilji ábírgjast, að sjálfstæði og réttindi heilbrigðisfulltrúastöðunnar verði tryggð með lögum. Ég spyr, því svo virðist sem frumvarp til hinna nauðsynlegu lagabreytinga biði þess, að ég komi með tillögur um starfssvið heilbrigðisfulltrúa, - en aður en ég hefi kynnt mér starfið til hlítar og ég hefi tekið við stöðunni, finnst mér ég ekki geta komið með tillögur í þá átt.

Ef ég ætti núna að segja álit mitt á starfssviði heilbrigðisfulltrúa, þá yrði það petta:

Heilbrigðiseftirlitið (yfirumsjón með -) með m.a. sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðissstofnum, barnaheimilum, skólum, íþróttahúsum, baðstöðum, samkomuhúsum, vinnustofum, íbúðum, gistihausum, veitingastöðum, mjólkurbúum, brauðgerðahúsum, sláturhúsum, peningshúsum, allskonar stofnunum, sem eru til óþæginda fyrir nágrannana, vatni og fráreppsli, matvælum og öðrum neyzluvörum (tilbúningi, sölu, flutningi og rannsóknunum á þessum vörum (rannsóknarstofu?)), farartækjum, sorpíslatum, þrifnaði á lóðum, eyðingu á rottum og öðrum meindýrum. Ennfremur yfirumsjón með allri heilbrigðispropaganda og öðrum ráðstöfunum til heilsuverndar, er bærinn kann að gera. (Ekki veit ég, hvað héraðslæknir segir við þessu, en hann mun auðvitað hafa áfram með höndum embættisstörf, umsjón og eftirlit með læknum, lyfjabúðum, ljósmaðrum, sjúkdómum og vörnum gegn farsóttum.)

Heilbrigðisfulltrúi ætti að sjálfssögou að sitja í heilbrigðisnefnd og helst að vera formaður hennar. Staða hans ætti að vera undir yfirstjórn bæjarstjórnar eða bæjarráðs

Bótt mér sé það ógeðfelt, þá verð ég á þessu stigi málsins að tala við þig um eina hlið þess, sem sé flokkunina á stöðunni, og má vel vera, að þér mislíki það mjög og finnist ég vera að setja mig upp á háan hest o.s.frv., o.s.frv. Ef verksvið stöðunnar verður svipað því, sem ég hefi í mjög stuttu máli talið upp, get ég ekki skilið, að bara nokkurnvegginn samviskusamur heilbrigðisfulltrúi fái tíma til aukastarfa, er teljandi sé. Er heilbrigðisfulltrúastarfið ekki ábírgðarmeira en starf skrifstofustjóra, byggingarfulltrúia eða verkfræðings af 3. gráðu? Og krefst heilbrigðisfulltrúastaðan ekki meiri menntunar en starf aðalbókara, yfirhafnsögumanns eða yfirvélstjóra? Hefur bæjarstjórn ákveðið stöðuna mikil minni en ég hefi hugsað mér hana og lýst að framan, eða hvað veldur, að bæjarstjórn hefur ekki virt stöðuna hærri en hún gerir?

Ég veit vel, að það er ófínt og e.t.v. ódiplómatiskt af manni, sem veitt hefur verið "staða", sem hann sjálfur hefur sótt um,

að tala þannig óður en hann hefur tekið við stöðunni, og segja má, að ég hafi átt að sjá petta fyr. E.t.v. myndu líka eingverjir líta á petta sem pvingunartilraun (Davíð gegn Goliat!). En því fer fjarri. (Bréfið er heldur ekki stílað til borgarstjórans Bj. Ben.!) Kringum-stæðurnar eru aðrar en ég bjóst við, þegar ég sótti um stöðuna, og er hún talsvert yfirgripsmeiri en ég bjóst við. Petta er lífstíðarstaða, og ég mun eiga erfitt með að sætta mig við lífsstarf, sem ekki er vört meira en heilbrigðisfulltrúastaðan virðist vera vört. Ég tala um petta við þig, af því að ef einhver von á að vera um, að stöðunni verði breytt til batnaðar, þá verður það sjálfsagt að ske núna í sambandi við væntanlegar lagabreytingar (sem ný staða með nýju heiti og í nýjum flokki?). Álítur þú, að bæjarstjórn muni fáast til þess?

Öll pessi óvissa með stöðuna, sem hefur gert mér það ökleyft að taka endanlega ákvörðun, hefur verið mér til mikillar kostnaðar og óþæginda, og verð ég að taka ákvörðun alveg á næstunni. Ég bið þig því, kæri Bjarni, að svara mér eins fljótt og þú getur. Ég held áfram hjá bæjarlækninum hér, a.m.k. pangað til ég heyri nánar frá þér.

Misskildu mig ekki, en fyrirgefðu mér kvabbið.

Vertu ætíð blesstaður

*þínus einlogur
fari sigurðan.*